

hefur í erindi nokkru, dags. 27. jan. p. á., er hann hefur sent hingað beina leið, **47**  
 spurzt fyrir um það, 1. hvort sýslunefnd hafi eigi vald eða heimild til samkvæmt lands- **20. marz**  
 höfðingjbrjefum 23. okt. 1880, 28. marz 1881 og 23. maí 1884, að veita hreppstjórum  
 hæfilega þóknun af sveitarsjóði fyrir ritföng, og 2. hvort hreppsnefnd, ef svo sje, eigi  
 sje skyld að greiða þóknunina, svo að heita megi, ef nauðsyn ber til, þvingunarsektum,  
 ef boðum sýslunefndarinnar er eigi hlýtt. En áður hefur hann fengið úrskurð amtsráðs-  
 ins í norður- og austuramntinu í þessu efni á fundi þess í júní f. á., út af kröfu er  
 hann hafði gjört um þóknun fyrir ritföng úr sveitarsjóði Glæsibæjarhrepps, en hann er eigi  
 ánægður með þann úrskurð.

Út af þessu læt jeg eigi hjálíða þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður,  
 til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir ofanefndum hreppstjóra, að sýslunefnd-  
 ir hafa hvorki samkvæmt hinum tilvitnuðu landshöfðingjbrjefum nje öðrum ákvörðun-  
 um heimild til að skipa hreppsnefndum að greiða hreppstjórum þóknun fyrir ritföng úr  
 sveitarsjóði.

**Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um kröfu til álags úr landssjóði 48**  
 til handa Viðvíkurkirkju. — Með þóknanlegu brjefi dags. 7. p. m. hafið þjer, herra **21. marz**  
 amtmaður og háæruverðugi herra sent hingað 2 brjef, annað frá prestinum að Viðvík til  
 stiptyfirvaldanna og hitt frá prófastinum í Skagafjarðarprófastsdæmi til biskups, og er  
 þess farið á leit í brjefum þessum, að stiptyfirvöld og biskup komi því til leidar, að  
 Viðvíkurkirkja fái greitt 400 kr. álag, er á hana hafi verið gjört með úttekt 30. júní  
 1862, þá er konungsjörðin Viðvík með kirkjunni var afhent til prestsseturs í Viðvíkur-  
 braudi samkvæmt konungsráskurði 25. sept. 1854 og dómsmálastjórnarbrjefi 31. okt.  
 1861 í makaskiptum fyrir Hjaltastaði með hjáleigum, og leggið þjer það til út af nefnd-  
 um brjefum, að jeg hlutist til um að áminnst álagskrafa, 400 kr., verði tekin upp í  
 fjárlagafrumvarp það sem lagt verður fyrir næsta alþingi.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, að í ofanefndum konungsráskurði  
 25. sept. 1854, er ekkert minnst á álag á Viðvíkurkirkju eða að hana skyldi afhenda  
 eptir úttekt, og í ástæðunum fyrir úrskurðinum (Lovsamling for Island XV bls. 718)  
 segir að eins að kirkjan sje í góðu standi og eigi að fylgja með í kaupinu, en ekkert er  
 þar heldur minnst á neina úttekt eða álag. Það var því engin heimild til þess eptir  
 nefndum konungsráskurði að afhenda kirkjuna eptir úttekt eða gjöra hið umkrafa álag  
 á hana. En auk þessa er úttekt sú er framfór á kirkjunni, þá er álagið var gjört,  
 byggð á alsendis röngum grundvelli, þar sem úttektarmennirnir gegn allri venju hafa  
 miðað álagið við það, að kirkjan, sem var torfkirkja, yrði byggð upp af nýjusem timb-  
 urkirkja, en á þennan galla á úttektinni benti hinn páverandi biskup prófastinum í  
 Skagafjarðarprófastsdæmi, hinum samasem nú er þar prófastur, með brjefi dags. 17. marz 1864,  
 er þjer, háæruverðugi herra hafið sent mjer eptirrit af eptir beiðni minni, og kvaðst  
 biskup þá eigi vegna þessa galla á úttektinni geta farið fram á við stjórnina að fá hið  
 gjörða álag, 200 rd., sem prófastur þá hafði mælt til að yrði borgað.

**48** Að svo vöxnu máli get jeg eigi sjeð neina ástæðu til að hlutast til um, sam-  
21. marz kvæmt tillögu yðar, að hið umkrafða álag verði tekið upp á fjárlagafrumvarpið fyrir  
1890 og 1891.

**49** Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um  
25. marz sjerstakt manntalsþing fyrir Hafnahrepp. — Eptir að jeg hefi meðtekið þóknanlegt  
brjef yðar, herra amtmaður, dags. 18. f. m., og þar með fylgjandi skjöl, vil jeg hjer-  
með samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Hafnahreppi og meðmælum sýslumanns og  
sýslunefndar í Kjósar og Gullbringusýslu veita samþykki mitt til að Hafnahreppur verði  
eptirleiðis sjerstök manntalsþinghá og þingstaður þar fyrst um sinn í Merkinesi, og er  
hreppsnefndin skyld til að sjá um, að ávallt sje til hæfilegt hús á þingstaðnum til  
þinghaldanna.

Þetta er yður, herra amtmaður, tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

**50** Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu um endurborg-  
25. marz un á tolli af víuföngum, er lekið höfðu niður. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 2.  
nóv. f. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi frá Gísla kaupmanni Engil-  
bertssyni á Vestmannaeyjum, þar sem hann fer þess á leit, að sjer verði endurgoldinn  
tollur af 133 pottum af 16<sup>o</sup> brennivíni, sem lekið hafi úr tunnu, er hann hafi meðtek-  
ið með skipinu «Sömanden», er kom til Vestmannaeyja frá Kaupmannahöfn 28. sept.  
f. á. Fylgdi erindi þessu útskrift úr aukarjettarbók sýslunnar, innihaldandi skýrslu um  
rjettarhald 16. okt. f. á. þar sem yfirheyrðir voru eptir beiðni kaupmannsins 4 menn,  
er verið höfðu í vinnu við uppskipun úr «Sömanden» og báru 2 af þeim, að af alls 3  
brennivínstunnum, sem fluttust til tjeds kaupmanns með skipinu, hafi 1 verið alveg tóm  
að þeirra áliti.

Út af þessu undanfelli jeg ekki hjermeð þjónustusamlega að tjá yður til þókn-  
anlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Gísla kaupmanni Engilbertssyni, að með því að  
hann hefur eigi farið svo að, sem fyrirskipað er í lögum nr. 10, 11. febr. 1876 3. gr.  
og kallað hlutadeigandi lögreglustjóra til í tíma að rannsaka hina umræddu tunnu og gefa  
vottorð um að lekinn hafi í raun og veru átt sjer stað, þá geti krafa hans um endur-  
gjald á tolli af ofanámgetnum 133 pottum af 16<sup>o</sup> brennivíni ekki orðið tekin til  
greina.

**51** Staðfesting konungs að mandatum á reglugjörð fyrir gullbrúðkaupslegat  
25. febr. Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans, frú Þórunnar Hannesdóttur.

Vjer Christian hinn níundi af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda  
og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Sórmæri, Þjettmerski, Láen-  
borg og Aldinborg.

**gjörum kunnugt:** með því að allraþegnsamlegast hefur verið sótt og beðið um allra-  
hæstu staðfestingu Vora á reglugjörð, sem búin hefur verið til af stjórn legats nokkurs,  
sem stofnað hefur verið út af gullbrúðkaupi Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu  
hans Þórunnar Hannesdóttur, fæddrar Finsen, og sem kallast gullbrúðkaupslegat Bjarna